

ΔΚΓ

Fréttabréf

Delta Kappa Gamma

Haut 2007

Félag kvenna í fræðslustörfum

Frá ritnefnd

Fréttabréfið okkar er eins og fyrri haustbréf að berast til ykkar þegar liður að jólaundirbúningi og vonum við að það verði kærkomin sending með öðrum tilkynningum sem berast nú fyrir jólin.

Við sem erum í ritnefnd að þessu sinni erum frá Jótadeild og allar frá Ísafirði. Við höfum haft mikla ánægju af ritstörfunum þar sem við höfum fengið tækifæri til að vera í samskiptum við konur um allt land sem hafa verið boðnar og búnar til að skrifa í blaðið. Þetta fréttabréf er að mestu helgað afmælisárinu sem var viðburðaríkt og fjölbreytt en einnig fréttir frá deildum sem eru fastur liður ásamt upplýsingum um það sem hefur verið efst á baugi á þessu starfsári.

Við viljum hvetja ykkur til þess að heimsækja vefsíðuna dkg.muna.is og senda inn efni sem þið eigið í förum ykkar, því án virkrar þátttöku félagskvenna verður vefurinn ekki lifandi. Vefstýran heitir Eygló Björnsdóttir úr Betadeild og netfangið hennar er eyglob@unak.is

Fréttabréfið verður að þessu sinni sent til formanna allra deilda sem sjá um að koma því áfram til félagskvenna. Það sparar töluverðan kostnað auk þess sem ritnefndin var ekki komin nýjasta félagatalið í hendur í tæka tíð. Þá vaknaði sú hugmynd hjá ritnefndinni hvort rafræn útgáfa hentaði kannski betur og sparaði einnig fjármagn sem fer í pappír og sendingakostnað. Ritnefnd væri þó ekki óþörf því hún héldi áfram að gefa út fréttabréf sem birtist á vefsíðunni. Við biðjum félagskonur að skoða þennan möguleika með okkur.

Um leið og við sendum félagskonum og fjölskyldum þeirra óskir um gleðiríka jólahátíð viljum við að lokum þakka öllum þeim konum sem sáu okkur fyrir efni í fréttabréfið því án þeirra framlags hefði innihaldið orðið rýrt.

Bryndís Friðgeirsdóttir

Jóna Benediktsdóttir

Sigríður Ragnarsdóttir



Ingibjörg Einarsdóttir
Fyrrv. landssambandsforseti
Gammadeild



Systralag

Það hefur löngum vakið athygli mína að hvergi sé að finna orðið „**systralag**” í orðabókum eða bókmenntum almennt en notkun

orðsins „**bræðralag**” aftur á móti mjög algeng og felur í sér bróðurlegt samfélag og einhvern þann félagsskap sem er eftirsóttur. Við, sem erum svo heppnar að njóta samvista félagskvenna í Delta Kappa Gamma, ættum að hugleiða hvort orðið systralag á ekki einmitt vel við er við ræðum um félagsskapinn okkar góða.

Einkunnarorðin okkar eru vinátta-hjálpsemi-trúmennska sem að mínu mati fellur vel að því sem falist gæti í orðinu systralag og undirstrikar það systralega samfélag sem við viljum byggja upp og njóta.

Við stöndum nú á tímamótum, félagsskapurinn þrítugur og okkur eru allir vegir færir. Framundan eru spennandi tímar í uppeldis- og menntunarstörfum og við þurfum að standa vaktina vakandi og láta að okkur kveðja á sem flestum sviðum. Allt byggist þetta á stöðugri virkni í deildum en þar er starfið svo mikilvægt. Eftir tveggja ára starf sem forseti landssambandsins hefur það styrkt vissu mína um mikilvægi þess að virkni og góð mæting í deildum skiptir öllu máli fyrir félagsskapinn.

Setjum okkur þau markmið að standa við einkunnarorðin og verum minnugar þess að hver og ein félagskona er mikilvæg til að mynda það **systralag** sem er eftirsótt og gefandi.

Anna Þóra Baldursdóttir **landssambandsforseti**



Kæru félagar í Delta Kappa Gamma.

Þegar ég nú sit á sólfögrum degi í byrjun vetrar, og færi í letur þennan fyrsta pistill sem forseti landssambandsins, koma margar góðar minningar frá nýliðnu og viðburðarríku starfstímabili upp í hugann. Krafturinn sem tímabilinu fylgdi er gott veganesti við upphaf vetrarstarfsins. Mörgum ber að þakka fyrir mikið og óeigingjarnt starf, sem gerði afmælisárið, sem lauk með útgáfu glæsilegrar bókar og vel undirbúnu landssambandsþingi í maí sl., svo eftirminnilegt. Að öllum ólöstuðum bar fráfarandi landssambandsforseta, Ingibjörgu Einarsdóttur, þar þungt hlass.

Ég vil þakka innilega fyrir það traust sem þið sýnduð mér með því að kjósa mig í embætti forseta landsambandsins á afmæliþinginu í Reykholt. Við lestur Fréttabréfs Delta Kappa Gamma á Íslandi gegnum árin hefur það ekki flögrað að mér að ég stæði einhvern tíma frammi fyrir því að skrifa pistil landssambandsforseta. Eigi að síður er það nú staðreynd og tilfinningin er óneitanlega sérstök og ögrandi. Með mér í stjórn landssambandsins hef ég öflugar konur, svo og formenn og félagskonur vítt og breitt í deilum. Allar munum við leggjast á eitt um að gera starfið fjölbreytt og árangursríkt eins og hingað til.

Nýja stjórn landssambandsins sem hóf störf þann 24. ágúst sl. skipa:

Anna Þóra Baldursdóttir, forseti, Betadeild, Akureyri,

Guðný Helgadóttir, 1. varaforseti, Gammadeild, Reykjavík,

Ingibjörg Auðunsdóttir, 2. varaforseti, Betadeild, Akureyri,

Þóra Kristinsdóttir, ritari, Alfadeild, Reykjavík,

Eyrún Ísfold Gísladóttir, meðstjórnandi, Etadeild, Reykjavík.

Auk þess starfar fráfarandi forseti landsambandsins, Ingibjörg Einarsdóttir, með stjórn og Guðbjörg M. Sveinsdóttir, Betadeild, Reykjanesbæ starfar áfram sem gjaldkeri.

Framkvæmdaráðsfundur var haldinn í Hafnarfirði þann 25. ágúst sl. þar sem ný áætlun framkvæmdaráðs var rædd og samþykkt auk ýmissa mála sem á döfinni eru. Eitt þeirra varðar það hvort rétt sé að samtökin haldi þing á hverju vori. Landssambandsþing ber að halda annað hvert ár samkvæmt lögum samtakanna, en vorþing má halda, sé talin þörf á, þess á milli. Af og til kemur upp umræða um það hvort þetta sé einfaldlega of mikið, m.a. í ljósi kostnaðar og þess að margar konur eru félagar í öðrum samtökum og sækja að auki ráðstefnur og fundi vegna vinnu sinnar sem á stundum liggur utan vinnutíma. Einnig er þó nokkur hópur sem sækir Evrópuráðstefnuna og nokkrar fara ávallt á alþjóðaráðstefnuna. Stjórn landssambands fól formönnum að kanna hug félagskvemma til málsins, en ákvörðun um vorþing þarf að liggja fyrir í síðasta lagi kringum áramótin. Á fundi framkvæmdaráðs hélt Sigrún Jóhannesdóttir í Deltadeild gagnlegt og gefandi námskeið um starfið og er efni þess gott til ígrundunar við upphaf nýs starfstímabils.

Stór hópur lagði leið sína á Evrópuþingið í London í ágúst sl. og vil ég sérstaklega þakka þeim konum sem ýmist fluttu erindi, kynntu listakonu, héldu málstofur, námskeið eða sóttu hina ýmsu fundi og námskeið fyrir landssambandið. Telst mér til að 12 konur hafi með þeim hætti verið virkar á þinginu og sýnir það hversu kraftmikið starfið hér er og getum við verið stoltar af því. Ferðir sem þessar eru til þess fallnar að efla skilning á starfi samtakanna og efla samkennd með félagskonum.

Á Evrópuráðstefnunni kynnti alþjóðaforsætinn, Barbara Day, áherslur sínar fyrir nýtt starfstímabil. Þar kemur greinilega fram að alþjóðasambandið er hefja nútímavæðingu starfseminnar af meira krafti en áður, m.a. með aukinni notkun tölvutækinnar. Ætti það að leiða til auðveldara aðgengis að upplýsingum og vonandi einföldunar á stjórnsýslu samtakanna. Í nýrri framkvæmdaáætlun landssambandsins eru áherslur teknar úr plaggi alþjóðaforsætans og sumar aðlagðar að aðstæðum okkar hér. Er það von mín að formenn kynni áætlunin ítarlega í deildum og að þær taki til sín þau verkefni að meira eða minna leiti eftir því sem við á og aðstæður leyfa í hverri deild.

Ánægjulegt er að Sigrún Klara Hannesdóttir, í Alfadeild og fyrrverandi Evrópuforseti, hefur hlotið tilnefningu sem 2. varaforseti alþjóðasamtakanna og vonandi hlýtur hún þar góða kosningu. Sigrún Klara hefur gegnt mörgum trúnaðarstörfum í samtökunum og á að baki mikið starf fyrir þau. Hún er vissulega verðugur fulltrúi í stjórn alþjóðasamtakanna.

Þessum línun fylgja sérstakar óskir um velfarnað í starfi til Kappadeildar í Reykjavík, sem er að hefja fyrsta starfstímabil sitt og nýtur þar styrkar leiðsagnar Herthu W. Jónsdóttur í Gammadeild.

Með von um ánægjulegt starf framundan í öllum deildum samtakanna og farsælt samstarf á nýju starfstímabili.



**Eygló Björnsdóttir, vefstjóri DKG
Betadeild
eyglob@unak.is**



Nýr vefur

Ágætu systur í Delta Kappa Gamma.

Á landssambandsþinginu sem haldið var í Reykholti dagana 5.-6. maí 2007 var nýr vefur samtakanna opnaður með formlegum hætti. Það er fyrirtækið Stefna á Akureyri sem hýsir vefinn en jafnframt hefur Stefna gefið samtökunum afnotarétt af vefumsjónarkerfinu Moya sem vefurinn er hannaður í. Þá höfðinglegu gjöf ber að þakka og er það gert hér með. Fljótlega eftir að byrjað var að vinna í nýja vefnum, vaknaði sú hugmynd að gefa öllum deildum samtakanna kost á að eiga sitt svæði innan vefsins. Svæði þar sem deildirnar gætu birt upplýsingar um starfsemi sinnar deildar, félagskonum til þægindaauka en einnig í þeim tilgangi að auka upplýsingaflæði deilda á milli. Það varð því að ráði að vefurinn var hannaður á þennan hátt og má núna finna á vefslóðinni <http://dkg.muna.is> svæði allra deilda auk landssambandsins. Lítið mál er að taka út deildir af vefnum eða bæta við og að sjálfsgöðu er það ákvörðunarvald hvernar deildar hvort hún vill nýta sér svæðið sitt eða ekki. Vefumsjónarkerfið gerir það að verkum að það er nánast barnaleikur að setja inn efni á vefinn, breyta og bæta

og verður þetta auðvelda aðgengi vonandi til þess að allar deildirnar sjái sér fært að vera með. Ég hvet þær deildir sem ekki hafa enn tekið við sér, en ætla samt að vera með, að hafa samband við mig sem fyrst og fá ráð og aðstoð við að koma sínu svæði upp.

Á landssambandsvefnum er að finna helstu upplýsingar um starfsemi samtakanna. Sem dæmi má nefna: markmið og stefnu; upplýsingar um stjórn samtakanna og nefndir á hennar vegum; þar er framkvæmdaáætlun næstu tveggja ára kynnt og síðast en ekki síst er þar að finna tengla í þau netímarit sem samtökin gefa út (Euforia, News og Bulletin). Innsetning efnis frá deildum fór rólega af stað, en nú á haustdögum hafa nokkrar deildanna byrjað að setja efni inn á sitt svæði og má því segja að vefurinn taki breytingum næstum daglega.

En vefur, hversu góður og efnismikill sem hann er, þjónar þó aldrei tilgangi sínum ef félagskonur nota hann ekki og lifandi vefur getur heldur aldrei orðið verk einnar manneskju. Ég hvet ykkur því til að nýta hann og skoða sem oftast, sækja þangað hugmyndir og miðla hugmyndum til annarra. Einnig vil ég biðja ykkur um að vera ófeimnar við að koma með góð ráð og ábendingar um efni á vefinn og benda á það sem betur má fara.

Í september var send beiðni um að fá tengil í vefinn frá vef alþjóðasamtakanna, <http://deltakappagamma.net> og verður það vonandi að veruleika innan skamms. Einnig er rétt að benda hverri deild á að sækja um slíkan tengil þegar svæði deildarinnar er tilbúið. Leiðbeiningar um hvernig staðið er að því og hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að fá tengil, má finna á vef alþjóðasamtakanna undir **Member Benefits® Website**.

Að lokum óska ég ykkur alls góðs og vonandi eigið þið gott og gefandi starfsár framundan í samtökunum.

<http://dkg.muna.is>



Sigríður Jónsdóttir

Gamma-deild

30 ára afmæli landssambandsins árið 2007

Afmælisnefnd vegna 30 ára afmælis Delta Kappa Gamma var skipuð af forseta Landssambandsins, Ingibjörgu Einarsdóttur, haustið 2005. Í nefndina voru skipaðar sömu konur og voru í undirbúningsnefndinni fyrir Evrópuþingið hér á landi sumarið 2003, þ.e. Áslaug Brynjólfsdóttir, Alfa-deild, Kristín Bjarnadóttir, Gamma-deild, Sigríður Jónsdóttir, Gamma-deild, formaður nefndarinnar, Sigrún Jóhannesdóttir, Delta-deild og Sigrún Klara Hannesdóttir, Alfa-deild.

Hlutverk nefndarinnar var að setja fram markmið og gera framkvæmdaáætlun um verkefni vegna 30 ár afmælis landssambandsins á Íslandi. Afmælisnefndin hélt alls 15 fundi. 1. fundur nefndarinnar var haldinn 25. október 2005 og sá síðasti 24. apríl 2007.

Nefndin hóf störf með því að setja niður markmið og vinna að framkvæmdaáætlun fyrir landssambandsstjórn til skoðunar og samþykktar. Helstu markmiðin voru að:

1. Efla stolt og metnað þeirra kvenna sem eru í samtökunum og vekja athygli annarra utan samtakanna á þeim.
2. Kynna markmiðin og ávinninginn, söguna, afrekin, verkefnin, hindranir og áfanga.
3. Beina sérstaklega sjónum að því starfi sem unnið hefur verið í deildunum og hjá landssambandi og þakka það sem vel er gert.
4. Velta fyrir sér framtíðarmöguleikum og verkefnum DKG sem veitu fyrir mjög mikilvæga og eftirsóttá almenna menntun.

Helstu tillögur nefndarinnar:

1. **Afmælisþing.** Haldið verði myndarlegt afmælisþing vorið 2007 og stefnt yrði að málþingi seinna á afmælisárinu í samvinnu við önnur félagasamtök og stofnanir.

2. **Afmælisrit.** Gefið verði út veglegt afmælisrit með fræðilegum greinum félagskvenna um menntamál. Markmið með ritinu væri að sýna styrkleika, fjölbreytni og fræðimennsku innan samtakanna. Ritið taki mið af stefnumiðum samtakanna og höfði til breiðs hóps uppeldis- og menntafólks.
 3. **Heiðursviðurkenningar.** Nefndin leggur til að ein eða fleiri félagskonur verði heiðraðar á afmælisþinginu. Einkum verði tekið mið af störfum fyrir samtökin og fyrir fræði- og frumkvöðlastörf.
 4. **Sögusýning.** Lagt er til að deildir verði hvattar strax í haust til að undirbúa sögusýningu fyrir afmælisþingið. Sýningin verði sem mest í rafrænu formi.
- Listsköpun.** Félagskonur verði hvattar til listsköpunar t.d. í formi ljóðs, lags, sögu eða myndverks. Verkin verði kynnt á afmælisþinginu og viðurkenning veitt.

Stjórn landssambandsins var samþykkt flestum tillögum nefndarinnar og samkvæmt ósk hennar fékk nefndin erindisbréf þar sem verkefnin voru nánar skilgreind. Á næstu síðum verður gerð grein fyrir þessum hugmyndum og hvernig þær voru í framkvæmd.



Sigríður Jónsdóttir

Gamma-deild

Afmælisþing í Reykholti 5-6. maí 2007

Afmælisnefndinni var falið að gera tillögu að þema og dagskrá þingsins í samvinnu við menntamálanefnd landssambandsins en í henni voru Krístrún Ísaksdóttir, Gamma-deild, formaður, Erna Ingvarsdóttir og Vera Valgeirsdóttir, Epsilon-deild. Nefndirnar héldu nokkra fundi og var gerð tillaga um að efni ráðstefnunnar yrði:

Konur í fræðslustörfum á Íslandi í þrjátíu ár og sýn til næstu tíu ára.

1. Staðan hér á landi um miðjan 8. áratug 20. aldar þegar DKG nam hér land
2. Staðan í dag, þrjátíu árum síðar.
3. Delta Kappa Gamma á Íslandi í fortíð, nútíð og framtíð

Varðandi sögulega þáttinn voru fengnir utanaðkomandi fyrirlesarar, þau Helgi Skúli Kjartansson og Kristín Ástgeirsdóttir sem fluttu bráðskemmtilega fyrirlestra um stöðu kvenna í menntámálum þjóðarinnar á þessum tíma. Þær spurðingar sem þau voru beðin að ræða voru:

Hvernig var umhorfs þegar DKG nam hér land um miðjan 8. áratug 20. aldar?

Hvernig leit íslenska fræðslulandslagið út?

Hvernig var lítið á verðleika fræðslustarfa m.t.t. launa, virðingarstöðu o.fl

Hvernig skiptust fræðslustörf á milli kynja?

Hver var menntun kvenna almennt séð á Íslandi og starfs- og framamöguleikar, einkum menntun kvenna í fræðslustörfum og staða þeirra innan menntakerfisins?

Hvernig er umhorfs nú þrjátíu árum síðar?

Hver hefur þróunin verið og hvaða ályktanir má draga af henni?

Hver er staða, hlutverk, ábyrgð og áhrif kvenna í íslensku menntakerfi í dag?

Hvaða áhrif hefur aukin aðkoma kvenna haft t.d. á nám og kennslu, gildismat, samskipti, skólabrag, kennslu- og stjórnunarstíl o.s.frv.?

Hvaða möguleikum, hindrunum og ögrunum standa konur í fræðslustörfum frammi fyrir um þessar mundir?

Delta Kappa Gamma á Íslandi í fortíð, nútíð og framtíð

Síðari hluti þemans fjallaði um sögu og stöðu DKG á Íslandi. Fjórar félagskonur,

þær Hertha W. Jónsdóttir, Rósa Júlíusdóttir, Sigrún Klara Hannesdóttir og Soffía Vagnsdóttir ræddu þar nokkrar spurningar af fingrum fram. Fjallað var um ástæðuna



fyrir því að konur vildu vera með í samtökunum, hvort samtökin uppfylla einhverjar þarfir núna og hvaða hlutverk við sjáum að samtökin hafi í framtíðinni, bæði í íslensku samfélagi og persónulega fyrir félagskonur.

Einnig flutti Anna Edvardsdóttir úr Jóta-deild fyrirlestur um masters-ritgerð sína sem fjallaði um ólíkan stjórnunarstíl skólastjóra eftir kyni.

Dagskráin var kynnt í vorhefti Fréttabréfi Delta Kappa Gamma á Íslandi en alls sóttu um 85 félagskonur þingið og var það mat allra að mjög vel hefði til tekist.

Eyrún Ísfold Gísladóttir í Etadeild afhenti öllum konum sem þingið sóttu, gjöf frá móður sinni, Guðrúnu Vigfúsdóttur vefnaðarkennara. Var það bókin *Við vefstólinn*, sem fjallar um starfsveitvang Guðrúnar í hálfá öld og segir þar frá lifandi vefnaðarlist í máli og myndum. Bókin er afar fróðleg og er mikill fengur í svo veglegri bók með frásögn um líf og starf íslenskrar konu, sem hefur verið mikill frumkvöðull á sínu sviði. Kunnum við Delta Kappa Gamma konur Guðrúnu bestu þakkir fyrir þessa höfðinglegu gjöf.

Sigrún Klara Hannesdóttir, Alfa-deild

Kristín Bjarnadóttir, Gamma-deild

Þekking – þjálfun – þroski

30 ára afmælisrit

Þegar verið var að ræða um hvernig mætti minnast 30 ára afmælis samtakanna hér á landi, fæddist sú hugmynd að gefa út rit sem geymdi ritverk félagskvenna. Á haustdögum 2006 var send út tilkynning og konur beðnar að leggja hugmyndinni lið. Í kynningu var konum gefið frjálst val um hvert skyldi vera viðfangsefni greinanna en stærð greina var gefin þ.e. um 10 síður í A-4 stærð. Þegar upp var staðið voru greinarnar 23 og einnig lögðu konur til ljóð og hugvekjur sem birtust í afmælisritinu sem hlaut heitið **Þekking – þjálfun – þroski**. Titillinn er lýsandi fyrir starfsvettvang kvenna í þessum samtökum og fjölbreyttar greinarnar veita sýnishorn af þeim mikla mannauði sem býr í samtökunum. Ritstjórar voru Kristín Bjarnadóttir og Sigrún Klara Hannesdóttir.

Ritinu er skipt í fjóra kafla: Í fyrsta kafla eru sjö sögulegar greinar. Valborg Sigurðardóttir rekur umræður á Alþingi Íslendinga þegar til umræðu kom að veita konum rétt til skólagöngu og embætta hjá hinu opinbera. Kristín Jónsdóttir rekur þróun og sögu Kvennaframboðs og Kvennalista í Reykjavík. Þuríður J. Kristjánsdóttir og Ingibjörg Frímansdóttir rekja sögu fjarnáms á Íslandi. Eygló Eyjólfssdóttir rekur aðdragandann að stofnun eins stærsta fjölbrautaskóla Íslands, Borgarholtsskóla. Kristín Bjarnadóttir fjallar um nokkrar konur sem mótuðu þróun stærðfræðikennslu á landinu. Sigrún Klara Hannesdóttir rekur 50 ára sögu kennslu í bókasafns- og upplýsingafræði við Háskóla Íslands og Kristín Á. Ólafsdóttir rekur þróun og sögu leikrænnar tjáningar í grunnskólum.

Í öðrum hluta ritsins eru sjö greinar um rannsóknir á námi, kennslu og skólastarfi. Jóhanna Einarsdóttir fjallar um tengsl náms frá leikskóla í grunnskóla. Áslaug Brynjólfssdóttir fjallar um samstarf foreldra og grunnskólans. Rósa Kristín Júlíusdóttir fjallar um fagurfræðilegt gildi myndlistarkennslu ungra barna. Auður Torfadóttir og Brynhildur Anna Ragnarsdóttir segja frá rannsókn á enskukunnáttu íslenskra nemenda. Jórunn Elidóttir ritar um þögnina og hvort nútímasamfélag sé að tapa þeim

eiginleika að geta notið útivist í þögn. Sigrún Jóhannesdóttir veltir fyrir sér þeim breytingum sem eru að verða á kennsluaðferðum og nauðsyn þess að haga aðferðum í samræmi við nemendahópinn. Guðrún Geirsdóttir fjallar um mismunandi viðhorf kennara í Háskóla Íslands til hlutverks síns í háskólakennslunni.

Þriðji hluti ritsins geymir sex greinar um rannsóknir á líðan, viðhorfum og gildismati. Helga Steinsson segir frá rannsókn um hvernig hægt er að bregðast við brottfalli nemenda, einkum á framhaldsskólastigi. Anh Dao Tran gerir grein fyrir rannsókn um hvernig nemendum af asískum uppruna gengur að fóta sig í íslenska skólakerfinu. Anna Þóra Baldursdóttir fjallar um kulnun og orsakir þess að kennarar geta átt á hættu að brenna út og tapa áhuganum á starfi sínu. Anna Guðrún Edvarðsdóttir veltir fyrir sér hvort gildismat íslenskra skólastjóra séu ólík eftir kynferði. Oddný Harðardóttir rannsakar tengsl hróss og jákvæðs viðhorfs skólameistara og þess hvernig kennurum líður í starfi. Elín Ólafsdóttir segir frá rannsókn sinni á fullorðinssykursýki.

Fjórði hluti ritsins fjallar um þrjú þróunarverkefni í skólastarfi. Steinunn Lilja Aðalsteinsdóttir og fleiri fjalla einstaklingsmiðað nám í lestri. Bolette Hæg Koch lýsir því hvernig hún kynnir grunnskólanemendum hugtök sem snerta náttúru og náttúruvernd. Þrúður Kristjánsdóttir lýsir í sinni grein hvernig Íslendingasögur eru kenndar í gegnum leik, skólaverkefni og skólabúðir.

Loks má nefna að nokkrar félagskonur, Guðrún P. Helgadóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir, Jenna Jensdóttir, Herdís Egilsdóttir, Jórunn Elidóttir, Eygló Eyjólfsdóttir og Hertha W. Jónsdóttir lögðu til ritsins bæði ljóð og laust mál. Í lok ritsins eru æviágrip höfunda ásamt mynd.

Allt er ritið hið glæsilegasta, gullfalleg rósa-kápa sem hönnuð var af Vatikaninu og sem ber samtökunum fagurt vitni. Menningarsjóður Orkuveitu Reykjavíkur veitti myndarlegan styrk til útgáfunnar. Alls er ritið 320 síður og er ennþá hægt að kaupa eintök með því að panta ritið í gegnum heimasíðu samtakanna <http://dkg.muna.is/> eða panta eintak hjá formönnum deildanna sem allar hafa upplýsingar um ritið.



Sigrún Jóhannesdóttir

Deltadeild

Sögusýning

Ein af hugmyndum afmælisnefndar var að nota þessi tímamót til að staldra við og rifja upp ýmsa þætti úr starfsemi Delta Kappa Gamma á Íslandi bæði í deildum og landssambandi og kynna þá sögu með ýmsu móti á landsambandsþinginu. Sigrún Jóhannesdóttir tók að sér að hafa yfirumsjón með þessum dagskrárlið.

Árangurinn af þessu starfi kom svo í ljós á þinginu sjálfu. Við fengum gott svæði til sýningarinnar á efri hæð fundaraðstöðunnar í gamla skólahúsinu í Reykholti og í forstofunni á neðri hæð og þar voru settar upp mjög skemmtilegar sýningar. Sjö deildir og landssambandið tóku þátt í sýningunum. Minningabrotin voru milli atriða á hátíðadagskránni og á fundinum og um kvöldið.



Sýningarnar

Þær deildir sem voru með sýningu voru Alfa, Beta, Gamma, Delta, Epsilon, Eta og Þeta. Zeta og Jóta deildir sameinuðu sýningu og minningabrot sem flutt voru á hátíðarfundinum. Nýjasta deildin, Kappa, var ekki með að þessu sinni þar sem þeirra saga er rétt að hefjast. Landssambandið var einnig með viðamikla sýningu á gögnum og ljósmyndum og einnig kvikmynd frá Evrópuráðstefnunni 2003. Sýningarnar voru með ýmsu móti og voru fjölsóttar. Myndasýningar í tölvum og sýning á gögnum og munum í eigu deildanna var algengt form og einnig sýning á sérstökum verkefnum sem unnin hafa verið.

Minningabrot

Allar 10 deildirnar og landssambandið voru svo með minningabrot á hátíðafundinum og við kvölddagskrána. Þau voru einnig með ýmsu móti; frásagnir, myndasýningar, leikþættir, söngur og jafnvel samþætting allra þessara þátta.

Niðurstöður

Mjög gott starf var unnið við að safna efni og rifja upp það sem deildirnar hafa verið að fást við og voru þær félagskonur, sem rætt var við, sammála um að þessi vinna hefði verið mjög ánægjuleg og kveikt nýjar hugmyndir um framtíðarstarfsemi í deildunum og gæti verið gaman að halda áfram með þessa vinnu og hafa sem þátt í félagsstarfinu á næstunni. Einnig komu fram þau sjónarmið að vinnan við sýninguna

hefði sýnt fram á hversu nauðsynlegt er að halda vel utan um öll lykilgögn í starfseminni og rifja upp með reglubundnum hætti söguna og verkefni sem unnin hafa verið. Misjafnt er hversu vel deildir hafa haldið utan um gögn eða skrásett atburði og verkefni í máli og myndum, en verkefni sem þetta kveikir hugmyndir um hvernig gott sé að haga slíku starfi framvegis.

Vinnan við undirbúning og framkvæmd þessarar sýningar var afar skemmtileg og gefandi og tel ég að þessir dagskrárliðir hafi komið mjög vel út og skipt miklu máli fyrir afmælishátíðina. Gaman væri að safna því efni sem útbúið var fyrir sýninguna á einn disk og hafa í gagnasafni landssambandsins.



Rósa Kristín Júlíusdóttir, Betadeild

Listsköpun á 30 ára afmæli DKG

Í tengslum við afmælishátíðina var félagskonum boðið að senda inn listaverk til að varpa ljósi á þá sköpunarhæfni sem telja má að Delta Kappa Gamma systur búi yfir. Þrjár félagskonur sendu inn listaverk. Það kom nokkuð á óvart að fleiri konur skyldu ekki senda verk því telja má að margar fleiri séu að skapa ótal gerðir listaverka sem hefðu átt erindi á sýningu í Reykholti.

Verkin sem voru send inn, og voru til sýnis í Reykholti á afmælisþinginu, voru eftir þær Jakobínu Guðmundsdóttur, Alfa deild, Eygló Eyjólfsdóttur, Gamma deild og Vilborgu Dagbjartsdóttur í Gamma deild. Verk Jakobínu voru handöfin, þrjú afar falleg listaverk sem sýndu bæði fina formræna eiginleika og góða litameðferð en einnig einstaklega vandað handverk. Eygló sendi inn ljóð sem hún orti í tilefni afmælisins og kallar *Ónumin lönd*. Mjög fallegt og myndrænt ljóð sem felur í sér líkingamál um sterkar konur sem hika ekki við að nema ný lönd. Söngfimar Gamma-systur fluttu ljóðið við lag Eyglóar á hátíðadagskrá afmælisins að kvöldi 5. maí. Listframlag Vilborgar Dagbjartsdóttur var bókin *Fugl og fiskur* sem kom út 2006 og er safn af ljóðum og sögum höfundar frá árunum 1955–2005. Vilborg er löngu þjóðþekkt fyrir „hina dásamlegu næmni fyrir bernskunni og barninu sem birtist í öllum barnabókum hennar og kemur einnig fram í mörgum ljóðanna“, en þannig kemst Úlfhildur Dagsdóttir að orði á Bókmenntavefnum árið 2002.

Anna Þóra Baldursdóttir og Ingibjörg Einarsdóttir

Konur heiðraðar fyrir störf sín

Við undirbúning afmælisþingsins var ákveðið að heiðra tvær konur, innan og utan samtakanna, sem staðið hafa framarlega á einhverju sviði mennta- og/eða menningarmála. Stjórnin leit fyrst inná við og var



sammála um að heiðra þá konu sem stóð í brúnni við stofnun landssambandsins 28. mars 1977, Dr. Þuríður J. Kristjánsdóttir, fyrrverandi prófessor við Kennaraháskóla Íslands. Hún fyrsti formaður Alfadeildar í Reykjavík, sem var fyrsta deildin sem stofnuð var hér á landi árið 1975, og varð í kjölfarið fyrsti formaður landssambandsins. Því næst var litið út fyrir samtökin og velt fyrir sér hvaða kona hefði haft mikil áhrif og stutt við uppeldi allra þeirra barna sem við hefðum alið upp og kennt. Niðurstaða náðist fljótt, sú kona hlyti að vera Guðrún Helgadóttir, rithöfundur, sem löngu er kunn, bæði innanlands og utan, fyrir fjölmargar barnabækur sínar.

Í lokahófi afmælisþingsins fór fram athöfn þar sem þær voru ávarpaðar og veitt viðurkenning, sem var í formi leirlistaverks, annars vegar eftir Rannveigu Tryggvadóttur og hins vegar Þóru Sigþórsdóttur, ásamt heiðursskjali og rósavendi, en rauða rósin er tákn samtaka okkar og á vel við núna því hún er tákn andríkis og sköpunargáfu.

Þuríður vann ýmist sjálf eða stjórnaði brautryðjendastörfum á upphafsárunum, s.s. að þýða á íslensku og gefa út lög og reglugerðir alþjóðasamtakanna, kom á laggirnar nefndum, kynna samtökin hér á landi og fjölga félögum með stofnun nýrra deilda og finna starfinu farveg sem hentaði hér á landi. Þurfti hún að kynna sér starfið í alþjóðasamtökunum og flytja þá þekkingu og reynslu inn í hinar nýstofnuðu deildir

og til landssambandsins, sem var að stíga fyrstu skref sín. Viðsýni og vandvirkni Þuríðar mótuðu starf samtakanna strax frá upphafi og var það mikill fengur að fá svo hæfileikaríka kona til forystustarfa strax í upphafi.

Þuríðar fæddist þann 28. apríl 1927 á Steinum í Stafholtstungum í Mýrarsýslu og var yngst fimm systkina. Hún varð því 80 ára sl. vor. Í bókinni *Steinar í vörðu*, sem gefin var út til heiðurs Þuríði á 70 ára afmæli hennar, lýsir hún heimilishögum á æskuheimili sínu og segir foreldrana hafa verið einstaklega skapgóða og heimilisanda léttan og góðan. Heimilið var mannmargt, þótt jafnan væru ekki aðrir leikfélagar en systkinin, þar sem engin börn voru á næstu bæjum, mörg aðkomubörn dvöldu þó bæði sumar sem vetur þar heima. Þá lýsir Þuríður því hvernig sveitarheimilin voru líka uppeldisstofanir, sjúkrahús og dvalarheimili, og var hennar eigið heimili þar engin undantekning. Segist hún hafa náð í skottið á baðstofulífínu. Mikið var lesið á bænum, bækur ýmist keyptar eða sóttar til öflugs lestrarfélags sem starfaði í hreppnum og voru lestrarfélagsbækurnar lesnar upphátt. Þá var og mikið hlustað á útvarp eftir tilkomu þess.

Þuríður gekk menntavegin, stundaði nám við héraðsskólann í Reykholti í Borgarfirði og síðar í Kennaraskóla Íslands. Hún hóf kennsluferil sinn í Stykkishólmi, en hélt til frekara náms við Kennaraháskóla Danmerkur og kenndi eftir heimkomuna við héraðsskóla og gagnfræðaskóla. Nokkrum árum síðar hélt hún til náms á ný og lauk meistara- og doktorsprófi í Bandaríkjunum. Að því búnu varð aðalstarfsvettvangur hennar Kennaraskóli Íslands, síðar Kennaraháskóli Íslands. Á þeim vettvangi var Þuríður, sem annars staðar, öflugur liðsmaður og brautryðjandi í mörgum framfaramálum um nám og kennslu og var, eins og sagt hefur verið um hana, bæði velvirk og mikilvirk.

Tengsl Þuríðar við samtökin eru sterk, þar eð hún hefur kennt miklum fjölda félagskvemma í áranna rás og sem brautryðjandi í íslensku skólasamfélagi þannig haft áhrif á starf og starfsvettvang margra félagskvemma. Félagskonur taka því undir eftirfarandi orð í heiðursritinu *Steinar í vörðu*, þar sem segir að: *..... í vitnisburði nemenda um Þuríði megi glöggt greina þau meginatriði sem einkenna góðan kennara, þekkingu á viðfangsefninu, einlægán áhuga á velferð nemendanna, skýr og sanngjörn skilaboð til þeirra um að til mikils sé ætlast, samskipti sem einkennast af hlýju og virðingu“ (Steinar í vörðu til heiðurs Þuríði J. Kristjánsdóttur sjötugri. (1999). Ritstj.: Helgi Skúli Kjartansson, Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Kristín Indriðadóttir og Ólafur Proppé. Reykjavík. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, bls. 55).*

Guðrún Helgadóttir, rithöfundur, fæddist í Hafnarfirði 7. september 1935 og ólst hún þar upp, elst í hópi tíu systkina, og byrjaði snemma að passa yngri systkini sín. Þegar hún eignaðist elsta son sinn, sem er aðeins þremur árum yngri en yngsti bróðir hennar, fannst henni næstum því eins og hún væri að eignast sitt tíunda barn. Guðrún á sjálf fjögur börn og tólf barnabörn. Guðrún hefur gegnt margvíslegum störfum, var ritari við Menntaskólann í Reykjavík, deildarstjóri hjá Tryggingastofnun ríkisins, sat í borgarstjórn Reykjavíkur og á Alþingi. Hún var forseti Alþingis 1988–1991, fyrst kvenna til að gegna því embætti.

Fyrsta bók Guðrúnar, *Jón Oddur og Jón Bjarni*, kom út árið 1974 en hún er fyrsta bókin af þremur um þessa uppátekta sömu tvíburabræður. Bækur þessar eru einhverjar vinsælustu barnabækur sem komið hafa út hér á landi og þótt þeir bræður séu mestu prakkarar og valdi fullorðna fólkinu ýmsum skapraunum, þá eru þeir vænir drengir með gott hjartalag. Of langt mál er að telja upp allar bækur Guðrúnar en hún er án efa einn þekktasti núlifandi barnabókahöfundur á Íslandi og hafa bækur hennar verið þýddar á fjölmörg tungumál. Hún hefur aðallega skrifað fyrir stálpuð börn, en einnig sent frá sér nokkrar myndabækur fyrir yngri börn með myndskreytingum eftir þekktu listamenn. Þá hafa leikrit hennar *Óvitar* og *Sitji guðs englar*, eftir samnefndum sögum, verið sýnd fyrir fullu húsi mánuðum saman. Hún hlaut Norrænu barnabókverðlaunin árið 1992 fyrir bók sína *Undan illgresinu*, var tilnefnd til H.C. Andersen verðlaunanna 1988 og fengið ýmis verðlaun og viðurkenningar fyrir verk sín á Íslandi meðal annars var bókinn *Öðruvísi fjölskylda* tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2004 og árið 2005 hlaut Guðrún Jónasarverðlaunin á degi íslenskrar tungu.

Það má líka segja að í ákveðnum, jákvæðum skilningi hafi Guðrún Helgadóttir „passað“ stóran hluta íslensku þjóðarinnar, því íslensk börn hafa nú í rúma þrjá áratugi, kynslóð fram af kynslóð, stytt sér stundir með því að lesa bækur hennar. Guðrúnu er veitt heiðursviðurkenningu fyrir framlag sitt til uppeldis íslensku þjóðarinnar með því að skrifa sögur sem allir vilja lesa og á góðu og lifandi máli sem er líka mikils virði fyrir móðurmálið okkar, ylhýra og fagra.

Þær Þuríður og Gurún ávörpuðu báðar samkomuna og þökkuðu fyrir sig. Þeim fylgja heillaóskir félagskvenna í Delta Kappa Gamma á Íslandi.

Virðing og umhyggja - Ákall 21. aldar

Út er komin bókin „Virðing og umhyggja - Ákall 21. aldar“ eftir Sigrún Aðalbjarnardóttur prófessor í uppeldis- og menntunarfræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Útgefandi er Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar.



Fátt er mikilvægara en uppeldi og menntun æskufólks. Hér er athyglinni beint að því hlutverki uppalenda, einkum í skólastarfi, að rækta mikilvæg gildi í samskiptum fólks sem almenn samstaða ríkir um: virðingu og umhyggju, vináttu og kærleika, réttlæti og umburðarlyndi. Megináhersla er lögð á hversu brýnt sé að efla samskiptahæfni og siðferðiskennd barna og unglunga og leggja grunninn að fjölmennningarlegri hæfni þeirra og lýðræðislegri borgaravitund.

Umfjöllunin byggist á áralöngum rannsóknum höfundar á félags- og tilfinningaþroska nemenda, samskiptahæfni ungmenna og uppeldis- og menntunarsýn kennara. Hún hvílir á traustum fræðilegum grunni og jafnframt er framsetningin afar lipur og aðgengileg. Viðfangsefnið snertir okkur öll, jafnt foreldra og aðra ættingja sem þær fagstéttir sem annast uppeldi og menntun barna og unglunga og hlúa að heilbrigði þeirra og farsæld.

Dr. Sigrún Aðalbjarnardóttir er prófessor í uppeldis- og menntunarfræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Hún hefur hlotið viðurkenningar fyrir störf sín, meðal annars við Háskóla Íslands fyrir „lofsvert framlag til rannsókna“ og Samanhópsins „fyrir vel unnin fræðistörf og gagnlegar rannsóknir í þágu foreldra og barna“.

Þessi bók um virðinguna er leiðarljós. Hún vísar veginn í uppeldi til sjálfsvirðingar sem er traustasti lykillinn að því að bera virðingu fyrir öðrum. Gagnkvæm virðing í orðum og athöfnum er besta veganestið í samfélagi okkar til að njóta frelsis og jafnréttis með samtíðarmönnum. Ég fagna útkomu þessarar bókar sem skrifuð er af mikilli þekkingu og djúpu innsæi.

Vigdís Finnbogadóttir

Steinunn Guðmundsdóttir Jótadeild



Hugleiðing um afmælisþing

Við vorum þrjár Íótakonur sem sóttum afmælisþingið í Reykholti, undirrituð Steinunn Guðmundsdóttir, Soffía Vagnsdóttir og Anna G. Edvardsdóttir sem flutti áhugavert erindi er nefndist: Er gildismat íslenskra skólastjóra ólíkt eftir kynferði?

Allar deildir DKG áttu fulltrúa á afmælisþinginu sumar deildir marga, aðrar færri. Dagskrá þingsins var ákaflega vel undirbúin og var hún allt í senn skemmtileg, hvetjandi, fróðleg og veitti innblástur fyrir starfið í deildunum. Þingið fór sérstaklega vel fram í alla staði. Sýning landsambandsins var alveg frábær sem og sýningarnar frá deildunum. Ekki dró umhverfið úr áhrifamætti þeirra. Fyrir þingið hafði hverri deild verið úthlutaðar sjö mínútur til að vera með einhverja dagskrá. Landsstjórnin nefndi þessar mínútur svo skemmtilega „Afmælisblossi“. Afmælisblossarnir voru margbreytilegir jafnt í túlkun sem innihaldi. Blossarnir voru fléttaðir inn í dagskrána á um það bil tveggja tíma fresti. Með þessari tilhögun settu þeir skemmtilegan blæ á þingið og brutu upp fundarformið.

Ég á ákaflega erfitt með að draga eitthvað eitt fram yfir annað af því sem boðið var uppá. Þó verð ég að nefna sérstaklega ávarp Dr. Beverly Helms, frá alþjóðasamtökunum.

Það stafaði svo miklum ljóma og kærleika frá henni að ég varð alveg heilluð. Áhrifin af því að hlusta á hana og fylgjast með henni voru áþekkt áhrifunum sem við Íótakonur urðum fyrir þegar við hittum konurnar úr Gammadeild í Heydal við Ísafjarðardjúp haustið 2005. Áhrifin sem ég er að nefna og einkenndu allar konurnar á þinginu eru samheldni, vinátta, kærleikur og virðing. Þetta er það sem mér finnst einkenna starf Delta Kappa Gamma samtakanna og gefur mér svo mikið við að vera virk í samtökunum.

Mig langar að hvetja allar DKG konur til að vera virkar í starfi deildanna og taka þátt í landsþingum sé þess nokkur kostur. Þannig kynnist maður betur starfsemi og tengist öðrum konum sem starfa að mennta- og fræðslustörfum.

Ég get ekki látið hjá líða að rifja upp einn af textum Eyglóar Eyjólfsdóttur sem kynntur var og sunginn á afmælisþinginu, en það er: Tíu þúsund rauðar rósir. Þessi texti á örugglega eftir að hljóma í deildunum í vetur.

Tíu þúsund rauðar rósir skal ég skenkja þér
tíu þúsund rauðar rósir, fara fljóð
sjáðu þessar minningar um sumarið með mér:
tíu þúsund rauðar rósir og eitt ljóð

margoft hef ég ástaryndi kynnst
en aldrei áður eins og nú
og yndið mitt ert þú

í draumum mínum rósir varða veg
og von mín öll er á þá leið
að yndi þitt sé ég



Evrópuráðstefna Delta Kappa Gamma

Dagana 1.-4. ágúst sótti undirrituð almenna ráðstefnu um menntamál undir einkunnarorðunum: **Creativity through diversity** – sköpun í krafti fjölbreytni og fjölmenningar. Ráðstefnan var á vegum Delta Kappa Gamma – félags kvenna í fræðslustörfum – Society International. Hún var haldin í St. Mary's University College, Strawberry Hill, Twickenham, Bretlandi.

Gríðarlega margt var í boði til að njóta og hægt að velja 4 sinnum úr 50 mismunandi fræðslufundum og umræðufundum um margbreytileg efni sem þó tengdust öll einkunnarorðum ráðstefnunnar: Creativity through diversity. Undirrituð sótti eftirfarandi viðburði:

Tvö aðalerindi ráðstöfnunnar voru (keynote):

“Women in London”

Anni Marjoram, jafnréttisráðgjafi borgarstjóra í London, fjallaði um unga menntunarlausa fólkið og hvernig hægt er að nota ólympíuleikana 2012 sem hvatningu til menntunar og atvinnutækifæra. Fjallaði um nýjar leiðir til að breyta umhverfi og lífi með samráði við fólk. Hún tók dæmi um hvernig samgöngur í borginni breyttust þegar leitað var eftir viðhorfi kvenna um það hvernig þær vildu skipuleggja samgöngur en þetta hafði alltaf verið dæmigert karlasvið.

“Getting into Debt in Education”

Trisha Rogers, framkvæmdastjóri The Jubilee Debt Campaign, fjallaði um skuldsett þróunarríki og vonlitla aðstöðu þeirra án skuldaniðurfellingar, og hvernig menntunaraðstoð getur breytt ýmsu. Mikið kennsluefni til, sjá vefsíður viðkomandi samtaka.

Þrjár kynningar- og umræðufundir sem undirrituð sótti:

1. A Blueprint for success, Dr. Barbara Baethe fjallaði um hvernig við náum markmiðum í hópstarfi, hver eru byggingarefnin í sterkum



Sigrún Jóhannesdóttir, Sigrún Klara Hannesdóttir, og Sigríður Jónsdóttir, þátttakendur á Evrópuþingi

vinnuhópum (teams) (glærusafn í vörslu SJ).

2. Spirituality in our Diverse Communities, Qaisra Khan fjallaði um andlega og trúarlega nálgun í umönnun í fjölmenningsarsamfélagi (glærusafn og grein í vörslu SJ).

3. The Bounce Back Factor: Schools that Work, Dr. Mary Jane Kaufman

Það er sama hvar skólinn er í heiminum, góðir skólar eru þeir skólar sem ýta undir sjálfsbjargarviðleitni og metnað nemenda og hvetja þá til dáða. Tekin 3 dæmi um skóla sem unnu á þennan hátt. Mikilvægi þess fyrir bæði nemendur og kennara að eiga val í námi og kennslu.

Skoðunarferð um Ólympíusvæðið og heimsókn í University of East London í Docklands Campus, fjöltækniskóli sem ætlað er mikið hlutverk í námstækifærum fyrir ungt fólk í fjölmenningsarsamfélaginu í austurborginni og mun nota ólympíuleikana til að tengja við raunhæf verkefni og framþróun.

120 þjóðerni, 104 tungumál, 56% yfir 21 árs, 64% minnihlutahópar (ethnic groups).

Bók – *The Power to Transform: Leadership That Brings Learning and Schooling to Life* eftir Dr. Stephanie Pace Marshall. Hvetur leiðtoga í menntunarmálum til að endurhugsa og endurvefa námskerfi þannig að náist fram heildarskilningur og lífsleikni. Keypt í gagnasafn FA.

Sigrún Jóhannesdóttir, Delta-deild

Markmið Delta Kappa Gamma eru:

- ◆ Að stuðla að alþjóðasamstarfi kvenna í fræðslustörfum.
- ◆ Að heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á sviði menntamála/fræðslumála eða eru að vinna markverð störf í þágu þeirra.
- ◆ Að efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.
- ◆ Að stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja framgang hvers konar viðleitni til hagsbóta fyrir menntamál/fræðslumál almennt og fyrir konur í fræðslustörfum.
- ◆ Að veita konum, sem skara fram úr í menntamálum, styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í öðrum löndum sem vinna að fræðslustörfum.
- ◆ Að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.
- ◆ Að fræða félagi um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnmálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.

Vetrardagskrár deilda 2007-2008

Alfa-deild

Í deildinni eru áformaðir 6 fundir í vetur. Fyrsti fundurinn var haldinn 18. september sl. en þá var farið í Þjóðminjasafnið og sýningin **Undrabörn** skoðuð. Þar er á ferðinni kvikmynda- og ljósmyndasýning um fjölfötluð börn. Erla Gunnarsdóttir, skólastjóri Safamýrarskóla, spjallaði við fundarkonur eftir sýningu kvikmyndarinnar og svaraði spurningum. Sýningin var bæði falleg og fróðleg.

Annar fundur deildarinnar var haldinn 15. nóvember og þá var rætt um **innri málefni** deildarinnar.

Jólafundur verður svo haldinn 29. nóvember en þá er ætlunin að fara í **Dómkirkjuna í Reykjavík** þar sem sr. Anna Sigríður Pálsdóttir tekur á móti deildinni en að honum loknum verður snæddur jólamatur í Iðnó.

Eftir áramót eru ráðgerðir þrjár fundir, í janúar, febrúar og apríl en þá verður aðalfundur deildarinnar. Dagskrá þessara funda hefur ekki verið ákveðin endanlega.

Beta-deild

6. október Sameiginlegur fundur með Zetasysturum frá Egilsstöðum. Fræðsla, gleði og gaman.

8. nóvember Vetrarstarfið, fréttir af framkvæmdarráðsfunði og Evrópuþingi. Kynning á þróunarverkefni í framhaldsskóla MA fékk nú í haust Evrópumerkið, heiðursviðurkenningu fyrir þróunarverkefni í tungumálakennslu á ferðamálasviði. Margrét Kristín Jónsdóttir Beta-systir og þýskukennari í MA mun kynna verkefnið.

4. desember Kynning á jólahefðum/trúarhátíðum annarra landa.

14. janúar Bókafundur

27. febrúar Kynning á þróunarverkefni í grunnskóla

3. apríl Kynning á þróunarstarfi í leikskóla

8. maí föstudagur Lokafundur

Gamma-deild

27. september Ljósmyndasýning um margbreytileika mannlífsins skoðuð.
Fundað í Þjóðarbóklöðunni á eftir.

24. október Heimsókn í Iðnskólann í Hafnarfirði.
Höldum áfram að ræða framhaldskólann frá í fyrra, en færum okkur yfir í starfsmenntunina. Fundað á A. Hansen.

29. nóvember Yfirlit yfir símenntun í Þjóðfélaginu. Fundur hjá Árnýju Elíasdóttur og fræðir hún okkur um hve margþætt símenntun er orðin hér á landi.

10. desember Jólafundur á heimili Gerðar Óskarsdóttur.

22. janúar Mat á starfshæfni fólks af erlendum uppruna og hugmyndir um hvar íslenskt samfélag getur gert betur í þeim efnun.

20. febrúar Raunfærnimat. Verið er að vinna mjög merkilegt þróunarstarf um leiðir til að meta raunverulega þekkingu og færni einstaklinga sem þeir hafa aflað sér með lífs- og starfsreynslu. Spannandi verður að fylgjast með hvernig hægt verður að fá þessa óformlegu þekkingu og færni metna til eininga í formlegri menntun (m.a. á framhaldskólastigi).

27. mars Áfram munum við kynnst símenntun í atvinnulífinu.

16. apríl Lög og menning. Verið er að kynna ný lagafrumvörp á öllum skólastigum sem við kynnum okkur. Byrjum á að hitta listakonur sem hafa opnað nýtt gallerí í Aðalstrætinu.

22. maí - Aðalfundur



Fjör á afmælisþingi í Reykholti

Delta-deild

Þema vetrarins er tónlist

15.-16. október Afmælisfundur haldinn í Hótel Glym.

Efni: 20 ára afmæli Deltadeildar. Aðalfundur

6. nóvember á Akranesi. Skagakonur sjá um fundinn. Nýi tónlistarskólinn skoðaður.

1. desember í Reykholti. Aðventutónleikar. Borgarfjarðarkonur sjá um fundinn.

12. febrúar í Borgarnesi. Borgarneskonur sjá um fundinn.

Uppfærsla á Sígaunabarárónum. Nýi tónlistarskólinn skoðaður.

10. mars Heimsókn til Etadeildar í Reykjavík. Gleði söngsins. Etakonur skipuleggja fundinn.

Í mai/júní Aðalfundur, haldinn í Dölum.

Eta-deild

Etadeild mun halda 6 fundi í vetur, þrjá á hvorri önn. Fyrsti fundurinn var í höndum stjórnar og var þar framhald á stefnumótunarumræðu deildarinnar, en við höfum stefnumótunarvinnuna á fundi í febrúar s.l. Stefnu Etadeildar má lesa á heimasíðunni okkar, veffangið er www.dkg.muna.is. Við höfum sett okkur fjögur yfirmarkmið fyrir starf í deildinni, en markmiðin eru í góðu samræmi við markmið DKG. Við höfum skipt deildarkonum í fjóra starfshópa sem hver ber ábyrgð á því að fylgja eftir tilteknu markmiði og vinna að verkefnum okkar undir þeirri yfirskrift. Markmiðin eru þessi:

Að hafa forystu í faglegru umræðu

Að efla innbyrðis tengsl okkar

Að velja verkefni utan deildar til að vinna að

Að auka samskipti við konur í öðrum deildum, innan lands sem utan.

Dagskrá vetrarins er sem hér segir:

24. september – Framhald stefnumótunarumræðu.

31. október – Fagmennska í starfi. .

4. desember – Jólafundur.

7. febrúar – Efni óákveðið.

10. mars - Delta deild kemur í heimsókn.

22. apríl – Aðalfundur.

Kappa-deild

Fyrsti fundur hinnar nýju Kappa-deildar í Hafnarfirði var haldinn í leikskólanum Norðurbergi 24. apríl sl. Þar tók Anna Sigurborg harðardóttir leikskólastjóri á móti félagskonum og kynnti starf leikskólans. Einnig voru teknar inn félagskonur en nú eru 28 í deildinni.

Stjórnin kom saman til skrafs og ráðagerða og ákveðið var að þema vetrarins yrði MANNAUÐUR og tíminn yrði nýttur til að kynnast styrkleikum hver annarrar. Fyrsti fundur haustsins var í Hvaleyrarskóla í Hafnarfirði 2. október. Þar var m.a. sagt frá þinginu í Reykholti, fjallað um markmið samtakanna og Hrönn Bergþórsdóttir flutti Orð til umhugsunar. Linda Hrönn Helgadóttir kennari flutti hugleiðingu um mannauðsstjórnun í anda vetrarþemans.

Næsti fundur var haldinn í Bókasafni Hafnarfjarðar, mánudaginn 5. nóvember þar sem Anna Sigríður Einarsdóttir forstöðumaður safnsins tók á móti deildarsysturum sínum og kynnti safnið og starfsemi þess. Gunnlaug Hartmannsdóttir flutti Orð til umhugsunar. Gestur fundarins var Jónína Leósdóttir rithöfundur sem las úr bók sinni „Talað út um lífið og tilveruna“ og féll efni hennar í mjög góðan jarðveg. Jólafundurinn verður haldinn fimmtudaginn 6. des. á heimili Erlu Guðjónsdóttur á Álftanesi.



Glatt á hjalla í Reykholti

Jóta-deild

Pema vetrarins er HEILSA í víðu samhengi.

Í vetur verða fundirnir haldnir á miðvikudögum kl. 18.30 nema í október sá fundur er á laugardegi kl. 10.30.

Fyrsti fundurinn var **26. september** heima hjá Guðríði Sigurðardóttur og Jóhanna Ásgeirsdóttir kynnti .sykur, ger og glutenlausu fæði.

Októberfundurinn fór fram **27. október** í húsnæði Sjúkraþjálfunar Vestfjarða. Þar leiddi Guðrún Ásbjörg Stefánsdóttir deildarsystur sínar í allan sannleika um Rope Yoga (banda jóga) og eflaust hafa einhverjar þeirra ánetjast þessari ágætu líkamsrækt. Á fundinum var samþykkt að senda ályktun um háskólamálin á Vestfjörðum til fjölmiðla og alþingismanna.

Í ályktuninni kemur m.a. fram að konur í Jótadeild DKG fagni áformum um stofnun háskóla í Ísafirði næsta haust. Ályktunin var birt í nokkrum fjölmiðlum.

Á þriðja fundinum sem haldinn var í heimahúsi **28. nóvember** kynnti Guðrún Gunnarsdóttir heilun, slökun og hugarró fyrir félagskonum. Guðrún er hjúkrunarfræðingur, en hefur á síðustu snúið sér algjörlega að ýmsum óhefðbundnum lækningaaðferðum og vinnur mikið við höfuðbeina- og spjaldhryggsjöfnun.

Miðvikudaginn **30. janúar** verður bókafundur í heimahúsi og væntanlega veða einnig teknar inn nýjar félagskonur og **27. febrúar** verður kynning á svæðanuddi í Bókasafn Grunnskóla Ísafjarðar.

Aðalfundur verður síðan haldinn í Bolungarvík **16. apríl** og **28. maí** verður síðasti fundur starfsárins með óvissuferð og gleði á eftir. Á október fundi Jótadeildar var samþykkt að senda ályktun um háskólamálin á Vestfjörðum til fjölmiðla og alþingismanna. Í ályktuninni kemur m.a. fram að konur í Jótadeild DKG fagni áformum um stofnun háskóla í Ísafirði næsta haust.

Stefna Jótadeildar

Efla tengsl, starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum á N-Vestfjörðum

Efla skilning samfélagsins á mikilvægi menntastarfa

Taka til umræðu ákveðin mál í samfélaginu og álykta um þau

Kynnast stofnunum sem tengjast menntamálum á svæðinu

Kynna okkur það sem Vestfirskar konur eru að vinna að í tengslum við menntamál
Hittast og njóta samvista, styðja hver aðra og styrkja

Efla innra starf Jótadeildar og samhug félagskvenna, félagsanda og skiptast á skoðunum

Myndir frá afmælisþingi í Reykholti



Stjórn og nefndir starfstímabilið 2007–2009

Framkvæmdaráð Landssambands Delta Kappa

Stjórn:

Anna Þóra Baldursdóttir, Betadeild, forseti
Guðný Helgadóttir, Gammadeild, 1. varaforseti
Ingibjörg Auðunsdóttir, Betadeild, 2. varaforseti
Þóra Kristinsdóttir, Alfadeild, ritari
Eyrún Ísfold Gísladóttir, Etadeild, meðstjórnandi

Gjaldkeri: Guðbjörg M. Sveinsdóttir, Þetadeild

Fráfarandi forseti: Ingibjörg Einarsdóttir, Gammadeild

Lögsögumaður: Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, Alfadeild

Formenn deilda:

Alfadeild: Erna Árnadóttir

Betadeild: María Steingrimsdóttir

Gammadeild: Ingibjörg Jónasdóttir

Deltadeild: Sigurveig Sigurðardóttir

Epsilondeild: Kolbrún Guðnadóttir

Zetadeild: Helga Guðmundsdóttir

Etadeild: Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir

Þetadeild: Þórunn Friðriksdóttir

Jótadeild: Steinunn Guðmundsdóttir

Kappadeild: Marsibil Ólafsdóttir

Fastanefndir, kosnar á landssambandsþingi:

Fjárhagsnefnd

Elínborg Sigurðardóttir, Þetadeild, formaður

Hafdís Sigurgeirsdóttir, Etadeild

Þrúður Kristjánsdóttir, Deltadeild

Uppstillingarnefnd

Fanný Gunnarsdóttir, Alfadeild, formaður

Ingibjörg A. Konráðsdóttir, Etadeild

Magnea Ingólfssdóttir, Deltadeild

Skoðunarmenn reikninga

Ingibjörg Jónasóttir, Gammadeild

Jensína Valdimarsdóttir, Deltadeild

Laganefnd

Auður Torfadóttir, Etadeild, formaður
Sigríður Guttormsdóttir, Epsilondeild
Gerður Gunnarsdóttir, Etadeild

Félaga- og útbreiðslunefnd

Stefanía Arnórsdóttir, Gammadeild, formaður
Sigrún Aðalgeirsdóttir, Betadeild
Sigrún Ásta Jónsdóttir, Þetadeild

Útgáfu- og kynningarnefnd

Bryndís Friðgeirsdóttir, ritstjórn, Jótadeild
Jóna Benediktsdóttir, ritstjórn, Jótadeild
Sigríður Ragnarsdóttir, ritstjórn, Jótadeild

Námsstyrkjanefnd

Jóhanna Sigrún Þorsteinsdóttir, Betadeild
Steinunn Guðmundsdóttir, Jótadeild
Ingibjörg B. Frímansdóttir, Alfadeild

Menntamálanefnd

Helga M. Steinsson, Zetadeild, formaður
Kristrún Ísaksdóttir, Gammadeild
Jórunn Elíadóttir, Betadeild

Nefnd um endurskoðun handbókar

Sigrún Jóhannesdóttir, Deltadeild
Ingibjörg Einarsdóttir, Gammadeild
(í samvinnu við laganefnd og lögsögumann)

Fulltrúar í Evrópunefndum:

European Forum

Helga Á.Thorlaciuss, Betadeild

Fulltrúar í alþjóðlegum nefndum:

Personal Growth and Services Committee

Sigríður Jónsdóttir, Gammadeild

Stefnuyfirlýsing Delta Kappa Gamma

Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma stuðla að auknum fræðilegum og persónulegum þroska kvenna í fræðslustörfum og gæðum í menntun og uppeldisstörfum

